

REGLUGERÐ

um innköllun þriggja myntstærða.

1. gr.

Eftirtaldar myntstærðir, slegnar 1981 og 1986, skulu innkallaðar:

5 aurar.

10 aurar.

50 aurar.

2. gr.

Frestur til að afhenda peninga, sem greindir eru í 1. gr., skal vera 12 mánuðir frá birtingu auglýsingar um innköllunina. Á innköllunarfrestinum skulu allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við þeim peningum og láta í staðinn peninga sem ekki á að innkalla. Peningar þeir, sem greindir eru í 1. gr., eru á innköllunarfrestinum lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna, en hætta að vera lögmætur gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa peningana, sem greindir eru í 1. gr., í ekki skemmri tíma en 12 mánuði eftir lok 12 mánaða frestsins, sem greindur er í fyrsta málslið þessarar greinar.

3. gr.

Seðlabanki Íslands annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22/1968, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 19. september 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

REGLUGERÐ

um að heildarfjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu.

1. gr.

Frá og með 1. október 2003 skal heildarfjárhæð hverrar kröfu eða reiknings greind og greidd með heilli krónu þannig að lægri fjárhæð en fimmtíu aurum skal sleppt en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu.

2. gr.

Frá og með 1. október 2003 er enginn skyldugur til að greiða fjárhæð er reiknast lægri en fimmtíu aurar. Frá og með sama tíma eru allir skyldugir til að greiða fjárhæð er reiknast fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð í aurum með heilli krónu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er í samræmi við 8. gr. laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 36/1998, samkvæmt heimild í 11. gr. sömu laga, sbr. 2. gr. laga nr. 103/1999, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 19. september 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í dreifbýli í Fljótsdalshreppi.

Fyrir hreinsun rotþróa í Fljótsdalshreppi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald skv. gjaldskrá þessari, sbr. 3. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í Fljótsdalshreppi nr. 57/2002.

Rotþróargjald árið 2003 er kr. 6.000 á rotþró.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Fljótsdalshrepps 3. september 2002, með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Fljótsdalshreppi sem samþykkt var 8. janúar 2002, tekur gildi 1. janúar 2003.

Fljótsdalshreppi, 16. september 2002.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Garðvang.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 24. júní 2002 samþykkt deiliskipulag ofan Klapparbrautar í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis við Garðvang og gerir ráð fyrir íbúðabyggð fyrir leigu-íbúðir aldraðra.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gerðahreppi, 16. september 2002.

F.h. sveitarstjórnar,

Sigurður Jónsson sveitarstjóri.